



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á samkomu stúdenta
á Háskólatorgi
Háskóla Íslands
1. desember 2010**

*Ávarpið var flutt blaðlaust.
Endurrit af upptöku.*

Ágætu stúdentar
Rektor
Kennarar

Hjartanlega til hamingju með daginn, fullveldisdaginn. Ánægjulegt að stúdentar skuli halda þeim góða sið að koma saman á þessum degi til að minnast, líta yfir farinn veg en ekki síður að horfa til framtíðar.

Það er nokkuð hollt á þessum tímum erfiðleika og umræðu að rifja upp að þegar þjóðin fagnaði fullveldi sínu 1918 þá var Háskóli Íslands ungur, hafði ekkert húsnæði og þurfti að deila Alþingishúsinu með þingmönnum. Stúdentar í hinum fáu deildum háskólans gátu í sinni daglegu önn hitt að máli þingmenn þjóðarinnar og komið áleiðis ábendingum og tillögum.

Þetta samspil Háskólans og Alþingis hefur, eins og við vitum öll, ekki haldist. Þó er það engu að síður staðreynd að grundvöllurinn að þeim árangri sem Íslendingar hafa náð á síðustu öld, þessum áratugum sem liðnir eru frá fullveldinu og stofnun Háskólans, sá árangur er fyrst og fremst byggður á þekkingu, vísindum og rannsóknum, á þeirri iðju sem ætíð hefur sett svip sinn á það fræðasamfélag sem Háskóli Íslands er helgaður og aðrir háskólar sem reistir hafa verið í landinu.

Þegar við lítum yfir farinn veg og metum árangur þjóðarinnar á þessari vegferð, hvernig okkur hefur tekist þrátt fyrir allt, að byggja hér heilbrigðiskerfi grundvallað á þekkingu lækna og hjúkrunarfólks, byggja og þróa menntakerfi byggt á fræðslu og þjálfun þeirra sem sótt hafa hæfni

sína til Háskólans og Kennaraháskólans, reist mannvirki vítt og breitt um landið allt í krafti þeirrar verkfræði og tæknikunnáttu sem fyrst erlendir háskólar og síðan Háskóli Íslands veitti ungu fólki, lítum til árangurs okkar á sviði menningar og lista, rannsókna á náttúrunni, jöklum og eldfjöllum, þá sjáum við að grundvöllur árangursins er fyrst og fremst sú þekking og rannsóknir sem háskólasamfélagið hefur lagt af mörkum.

Ef við lítum yfir sögu stúdenta á þessum degi, 1. desember, þá sjáum við líka að stúdentasamfélagið hefur haft kjark og áræðni og þor til að spyrja óþægilegra spurninga 1. desember, til að ganga á hölm við viðteknar venjur og hvetja þjóðina til að leita nýrra leiða og feta vegferðina á þann veg að hún geti bæði haft sóma og vegsemd af.

Nú við upphaf 21. aldarinnar höfum við vissulega glímt við mikla erfiðleika og háskólasamfélagið, líkt og við öll, þarf að líta í eigin barm, skoða hvað tókst og hvað tókst ekki; hvers vegna gagnrýni var ekki í hávegum höfð; hvers vegna við fórum oft hugsunarlaust inn á þessar brautir. Einn af þeim lærdómum sem við getum dregið er að háskólasamfélagið allt þarf að vera gagnrýnna, þarf að vera öflugri hvatamaður að opinni umræðu og umfram allt hafa getu og úthald til þess að spyrja óþægilegra spurninga og stunda rannsóknir sem varpa gagnrýnu ljósi á það sem er í tísku hverju sinni.

Við getum líka á þessum tímamótum, þrátt fyrir erfiðleikana, fagnað því að sú þjóð sem varð fullvalda 1918, býr í dag við sterkari stöðu á veraldarvísu en hún hefur nokkru sinni gert. Ég veit að það kann að hljóma sem þversögn í eyrum þeirra sem fyrst og fremst eru með hugann við þá umræðu sem verið hefur hér á síðustu mánuðum og misserum. Það er engu að síður bjargföst sannfæring mín af samskiptum við forystumenn ríkja vítt og breitt um veröldina, eftir viðræður við fræðimenn og rannsakendur í flestum heimsálfum að íslensk þjóð hefur á þessum tímamótum, í upphafi 21. aldarinnar og á þeim árum sem blasa við ykkur, unga fólkinu sem hér er samankomið í dag, meiri tækifæri, öflugri sóknarfæri en nokkru sinni. En þau byggjast öll á því að nýta þekkingu og rannsóknir og þá kunnáttu og hæfni sem háskólasamfélagið eflir og þjálfar.

Norðurslóðir, nágrenni okkar í veröldinni, hafa nú fengið þann sess að allar þjóðir heims vita að þær eru orðnar mikilvægt kjarnasvæði varðandi framtíð veraldarinnar allrar. Loftslagsbreytingarnar, bráðnun íss og jökla, hækkun sjávarborðs, hitastigið, breytingar á náttúrunni og lífsskilyrðunum á Norðurslóðum sem og hinar miklu orkulindir sem þar er að finna: allt hefur þetta sett okkar næsta nágrenni í veröldinni í nýtt og veigameira ljós en nokkru sinni. Þar á Ísland jafngildan sess og Norðurlöndin öll, Rússland, Bandaríkin og Kanada.

Bandarískir háskólar sækjast nú með öflugum hætti eftir samstarfi við íslenska rannsóknasamfélagið. Á næsta ári verður Ísland í heiðursessi á merkustu bókasýningu heims sem haldin er í Þýskalandi. Þar verður framlag okkar til bókmennta og menningar kynnt og virt og metið á þann hátt sem við höfum ekki fyrr notið.

Ég hef á þessu ári sem nú er senn á enda heimsótt bæði Indland og Kína og kynnst því af eigin raun hvernig þessi tvö nýju forysturíki sem allir eru sammála um að munu verða burðarásar í alþjóðasamfélagi 21. aldar með líkum hætti og Evrópa og Bandaríkin voru í samfélagi hinnar 20., kappkosta nú að efla tengsl sín við Ísland, sækjast eftir samvinnu við íslenska vísindamenn, rannsakendur og háskólafólk bæði hvað snertir eflingu hreinnar orku, rannsóknir á jöklum, jarðskjálftum, eflingu heilbrigðiskerfis, mannréttinda, mennta og vísinda.

Ég segi við ykkur, ungt fólk, það er mikil gæfa fyrir íslenska þjóð að við getum í upphafi þessarar nýju aldar þegar hin breytta heimsmynd með Indland og Kína í fararbroddi blasir við, fagnað því að þessar þjóðir hafa nú þegar, tvær fjölmennustu þjóðir heims, burðarásar í hinu nýja efnahagskerfi veraldarinnar, tekið þá stefnumótandi ákvörðun að vilja efla og treysta samstarf sitt við Íslendinga.

Ég var fyrir viku síðan í Abu Dhabi þar sem opnuð var sjálfbærasta bygging veraldar; þar sem sýnt hefur verið og sannað í krafti nýrrar tækni að við getum byggt borgir og samfélag þar sem útblásturinn og mengunin er engin og þar sem allur úrgangur er nýttur; að við höfum getu og tækni og kunnáttu til að forða loftslagsbreytingum í krafti þess árangurs sem vísinda- og tæknisamfélag hefur náð.

Það var gaman að geta í þessari byggingu hins nýja Tækniháskóla Masdar í Abu Dhabi hitt tvo íslenska stúdenta, annan frá Háskóla Íslands og hinn frá Háskólanum í Reykjavík, sem þar hafa stundað nám; í alþjóðlegu samfélagi sem varðar nýjar brautir tækni og vísinda til sjálfbærrar framleiðslu.

Þessa sögu má rekja áfram til ríkja í Vestur-Afríku, til ríkja í Mið-Ameríku og vítt og breitt um veröldina. Við stöndum nú Íslendingar, þrátt fyrir áfallið og erfiðleikana, á þeim tímamótum að það hefur engin kynslóð, líkt og þið unga fólknið hér í dag, haft slík tækifæri til að gera veröldina alla að ykkar vettvangi.

Sú fátæka þjóð sem 1918 fagnaði fullveldi og hafði í hundrað ár 1944 barist fyrir fullum rétti í samfélagi þjóðanna, býr nú við þann kost að unga fólknið á Íslandi, þið öll sem hér eruð hér í dag, jafnaldrar ykkar, hafið meiri og öflugri og betri tækifæri í krafti þekkingar ykkar og kunnáttu en nokkur önnur kynslóð í sögu Íslands.

Þeim tækifærum fylgir líka mikil ábyrgð og miklar skyldur. Það þarf líka að hafa kjark og dug til þess að feta nýjar brautir, að skjóta sér ekki undan gagnrýnni umræðu, heldur helga líf sitt því veginesti sem háskólar allra landa eiga, að styrkja hina gagnrýnu hugsun, nýsköpun sem færir okkur betri veröld.

Þess vegna segi ég við ykkur í dag: Þrátt fyrir erfiðleika undangenginna ára þá getum við litið björtum augum til framtíðar. Ég vona að þið nýtið hvert tækifæri sem þekkingin, þjálfunin, reynslan og lærdómurinn hér við háskólann færir ykkur á þann hátt að Ísland verði betra, réttlátara og öflugra samfélag á komandi árum og áratugum en nokkru sinni; að við getum borið með stolti það heiti að vera sjálfstæð þjóð þekkingar og menningar í samfélagi heimsins.